

14. nóvember 2013

1310271

Mótttekið: 30. okt. 2013

Frestur 19.nóv. 2013

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með skeyti dags. 10. október 2013 leitaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um viðbrögð við skuldavanda einstaklinga með lán með veði í eign þriðja aðila, 11. mál á 143. löggjafarþingi.

Tilgangur frumvarpsins er að hrinda í framkvæmd samkomulagi Landssamtaka Lífeyrissjóða og og fyrri ríkisstjórnar frá 23. apríl 2013 um að tryggja einstaklingum og heimilum sem skulda lífeyrissjóðum lán sem lánsveð eru fyrir, hliðstæða úrlausn til lækkunar lána og öðrum var veitt með svokallaðri 110%-leið, sem samið var um í desember 2010 og janúar 2011. Samkvæmt frumvarpinu er ríkissjóði heimilt stuðla að lækkun eftirstöðva lána sem lífeyrissjóðir veittu gegn lánsveði fyrir 1. janúar 2009, með því að greiða til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs sem svarar allt að 90% af kostnaði við niðurfærslu á eftirstöðvum slíkra lána.

Seðlabankinn leggst ekki gegn því að skuldarar lífeyrissjóða með lánsveð fái hliðstæða úrlausn og aðrir skuldarar hafa fengið, hvort sem er með þessu frumvarpi, með hluta af heildarráðstöfunum ríkisstjórnarinnar eða með öðrum hætti. Bankinn bendir hins vegar á tvennt:

1. Í frumvarpinu felst útgjaldahheimild og verði það samþykkt kallar það væntanlega á breytingu á fjárlagafrumvarpinu, sbr. 41. grein stjórnarskrárinna.
2. Í samræmi við verksvið sitt leggur Seðlabankinn megináherslu á að útgjöld sem hljótast af lögfestingu þessa frumvarps eða hliðstæðra ráðstafana, verði fjármögnuð þannig að aðgerðirnar spilli ekki afkomu ríkissjóðs og verðbólguhorfum.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

Pórarinn G. Pétursson  
aðalhagfræðingur